

**Ed.**

## **2. Frumvarp til laga**

[2. mál]

um Fósturskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

### **I. KAFLI**

#### **Skipulag Fósturskólans, hlutverk og starfshættir.**

##### **1. gr.**

Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík. Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur.

##### **2. gr.**

Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum og forskólabeckjum barnaskóla. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og leikvöllum.

##### **3. gr.**

Í starfsemi Fósturskólans skal að því stefnt að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólanagerðum er ætlað að fást við, sbr. 2. gr.

Leggja skal áherzlu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til, og á þann hagnýta grundvöll, sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áherzla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

##### **4. gr.**

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til.

##### **5. gr.**

Skólinn skal annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til, með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í uppeldismálum.

##### **6. gr.**

Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð.

### **II. KAFLI**

#### **Stjórn skólans.**

##### **7. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

Við skólann skal vera skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til 3 ára í senn, og starfar hún samkv. erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fósturfélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef

rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum, skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess, en auk hans sitja í ráðinu tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn.

Ákveða skal nánar í reglugerð um starfssvið skólanefndar og skólaráðs.

#### 8. gr.

Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð, sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 6. gr., með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

### III. KAFLI

#### Inntaka nemenda í Fósturskólann.

#### 9. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til hennar um það efni.

#### 10. gr.

Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf eða kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands.
2. Gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
3. Heimilt er að veita umsækjendum skólavist, þótt þeir fullnægi ekki menntunarkröfum 1. og 2. töluliðar, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til.
4. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
5. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku eða fleiri greinum í sambandi við inntöku nemenda í skólann.

Enn fremur má ákveða í reglugerð að láta alla nemendur ganga undir hæfnipróf eða persónuleikapróf.

### IV. KAFLI

#### Um nám, námstíma og námstilhögun.

#### 11. gr.

Námstími í skólanum er þrjú ár, og skal nám vera bóklegt og verklegt.

Um skiptingu náms í bóklegar og verklegar annir skal mælt fyrir í reglugerð.

#### 12. gr.

Grunnmenntun sú, sem Fósturskólinn veitir, sbr. 2. gr., skiptist í ýmsar uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálgreinar og heilsufræðigreinar. Auk þess fer verklegt nám fram í stofnunum, sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Um nám samkvæmt 1. málsgrein skal nánar ákveðið í reglugerð.

#### 13. gr.

Skólanefnd getur undanþegið nemanda, sem áður hefur aflað sér þekkingar í einstökum námsgreinum, samkv. 12. gr., tímasókn í þeim að nokkru leyti eða öllu.

#### 14. gr.

Stefnt skal að því að starfrækja í tengslum við Fósturskólann og undir yfirstjórn hans æfinga- og tilraunastofnun fyrir börn fram til 7 ára aldurs, þar sem nemendum Fósturskólans sé búin sérstök aðstaða til athugana á atferli og leikjum barna og á uppeldislegum starfsháttum.

Menntamálaráðuneytið leitar samninga við Reykjavíkurborg um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við æfinga- og tilraunastofnunina.

### V. KAFLI

#### Um námsáfanga og próf.

#### 15. gr.

Í lok hvers námsáfanga (annar) skal úrskurða um hæfni nemanda til að hefja nám á næsta áfanga.

Kveðið skal á um námsmat í bóklegum og verklegum greinum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið skipar, að fengnum tillögum skólastjóra, prófdómendur í uppeldis- og félagsgreinum og í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið er í reglugerð.

### VI. KAFLI

#### Um starfslið Fósturskólans.

#### 16. gr.

Fósturskóli Íslands skal svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, þ. á m. við umsjónar- og ráðgjafastörf, störf á skrifstofu og við önnur verkefni.

Skólanefnd gerir, að fengnum tillögum skólastjóra, ár hvert tillögur til menntamálaráðuneytisins um framlög til skólans í þessu skyni, sbr. 21. gr.

#### 17. gr.

Fastir starfsmenn Fósturskólans eru opinberir starfsmenn.

Forseti Íslands skipar skólastjóra. Fasta kennara og aðra fasta starfsmenn skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til skólanefndar um skipun kennara. Greini skólastjóra og skólanefnd á, skulu tillögur skólastjóra lagðar fyrir menntamálaráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum. Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans með sama fyrirvara.

#### 18. gr.

Skólastjóri Fósturskólans skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði. Í reglugerð skal kveða á um menntunarkröfur kennara.

#### 19. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á fóstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa stráum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur mennta-

málaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrir fram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærrí fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur  $1\frac{1}{2}$  árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu við skólann í minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Kennarar skólans skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í kennslugreinum sínum sér að kostnaðarlausu til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

#### 20. gr.

Um laun og vinnutíma starfsmanna skólans fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

### VII. KAFLI

#### Um húsrými og tæki.

#### 21. gr.

Að fengnum tillögum skólanefndar sér menntamálaráðuneytið skólanum fyrir húsrými, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerð, bókasafni og lesstofum, félagsherborgjum nemenda, skrifstofu og húsnæði fyrir kennara o. fl.

Í reglugerð skal kveða nánar á um þessi efni, þ. á m. um lágmarkskröfur um hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

Fósturskólanum skal séð fyrir safni bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að, svo og þeim kosti kennslutækja, sem þörf er á.

Skólastjóri gerir árlega áætlun um rekstur skólans og kostnað við skólahlald næsta skólaár, sem hann leggur fyrir skólanefnd. Skólanefnd gerir síðan tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til skólans, sem liggja skulu fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

### VIII. KAFLI

#### Um heilsuvernd.

#### 22. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um heilsuvernd í Fósturskóla Íslands, þ. á m. ákvæði um skólalækni og skólahjúkrunarkonu og eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólum.

## IX. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 23. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við skólastjóra og skólanefnd, skal m. a. kveðið á um skólatíma og leyfi, reglu og aga og vinnudag nemenda og kennara í skólanum, en auk þess skal mæla þar fyrir um framkvæmd laganna að öðru leyti eftir því, sem efni er til.

## X. KAFLI Ákvæði til bráðabirgða.

### 24. gr.

Þeir nemendur Fóstruskóla Sumargjafar, sem nám stunda í þeim skóla við gildistöku laga þessara, eiga rétt á að halda áfram námi sínu við Fósturskóla Íslands, eftir að hann er stofnaður, í samræmi við námstilhögun, sem gildi í skólanum, er þeir hófu nám sitt þar.

Skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar á forgangsrétt á starfi skólastjóra við Fósturskóla Íslands, þegar hann verður stofnaður.

### 25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fósturskóli Íslands skal taka við störfum Fóstruskóla Sumargjafar, þegar er samningum er lokið við Barnavinafélagið Sumargjöf í Reykjavík um eigur og skuldbindingar skólans.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða lagafrumvarp var lagt fram á síðasta Alþingi og fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Hinn 29. júní 1971 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd „til þess að gera tillögur um framtíð Fóstruskólans og tengsl hans við hið almenna fræðslukerfi“.

Í nefndina voru skipuð: Sigurður Helgason, stjórnarráðsfulltrúi, formaður, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri, Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri, og hinn 5. október 1971 var bætt í nefndina Ásgeiri Guðmundssyni, skólastjóra, samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, og Svandísi Skúladóttur, fósturu, samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands. Nefndin samdi frumvarp til laga um Fóstrunarskóla Íslands, og er það lagt hér fram efnislega óbreytt, en nafni skólans breytt á þann veg, að hann nefnist Fósturskóli Íslands. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð um störf nefndarinnar og tillögur:

„Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 25. ágúst 1971. Alls voru 8 fundir haldnir á tímabilinu 25. ágúst til 24. febrúar 1972.

Nefndin taldi mikilvægt að afla gagna um tilhögun fóstrumenntunar á Norðurlöndum, og kynnti sér einnig það, sem efst er á baugi þar um framtíðarskipun fóstruskólanna. Þá kynnti nefndin sér og fyrirkomulag á fóstrumenntun í nokkrum öðrum Evrópulöndum. Var einkum aflað gagna frá þeim löndum, sem aðild eiga að Evrópuráði, enda tóku 2 nefndarmanna, þau Sigurður Helgason og Valborg Sigurðardóttir, þátt í ráðstefnu Evrópuráðs í Feneyjum í október 1971 varðandi forskólamenntun („pre-school education“).

Bent skal og á, að flutt hafa verið frumvörp á Alþingi þess efnis að stofna ríkisrekinn fóstruskóla, árið 1964 og að nýju 1966, flutningsmenn Einar Olgeirsson og Geir Gunnarsson, og árið 1971, flutningsmaður Gils Guðmundsson. Þessi frumvörp náðu ekki fram að ganga, svo sem kunnugt er.

Nefndarmenn urðu þegar á fyrsta fundinum sammála um, að hagur Fóstruskólans yrði bezt tryggður með því að gera hann að ríkisskóla. Var Valborgu Sigurðardóttur falið að semja frumdrög að lagafrumvarpi þess efnis. Nefndin hefur síðan gengið frá frumvarpinu á grundvelli þeirra draga.

### Fóstrumenntun á Íslandi.

Barnavinafélagið Sumargjöf stofnaði árið 1946 Fóstruskóla Sumargjafar (eða Uppeldisskóla Sumargjafar eins og hann var nefndur um árabíl). Rak Barnavinafélagið Sumargjöf þá 3 barnaheimili í Reykjavík, en hafði engum sérmenntuðum fóstrum á að skipa að undanskildum 2 af forstöðukonum þessara heimila. Sá félagið sem var, að eigi yrði unnt að reka þessi heimili sem uppeldisstofnanir, ef ekki yrði kleift að fá fóstrumenntað fólk til starfa. Var því horfið að því ráði að stofna fyrrnefndan skóla til þess að anna þessu hlutverki. Félagið fékk góðar undirtektir hjá Reykjavíkurborg og tókst að fá hjá borginni fjárstyrk til reksturs skólans gegn því að ríkið legði skólanum til sömu fjárupphæð. Hefur félagið æ síðan rekið Fóstruskólann með fjárhagslegum atbeina þessara aðilja. Í reyndinni hefur skólinn þó notið meiri fjárstuðnings frá Reykjavíkurborg, þar sem Sumargjöf hefur ævinlega greitt allan rekstrarhalla, og verður hann æ meiri eftir því sem skólinn stækkar.

Skólinn var í upphafi tveggja ára skóli, og skiptist þá hvert ár í 2 annir, bóklega og verklega. Síðar var bóklega námið lengt. Var þá bóklegt nám nær eingöngu báða veturna, en verklega námið færðist yfir á sumarið á milli. En árið 1966 var skólinn lengdur enn á ný. Hafin var starfsemi undirbúningsdeildar, sem hófst með 2ja vikna bóklegu námi, en við tók 7 mánaða verklegt nám. Þannig er Fóstruskóli Sumargjafar þegar orðinn nánast þriggja ára skóli, og er þessum tíma skipt nokkurn veginn til helminga í bóklegt og verklegt nám.

Verklega námið fer fram á barnaheimilum Sumargjafar í Reykjavík svo og á barnaheimilum í Kópavogi og Hafnarfirði.

Bóklega námið skiptist í eftirfarandi námsgreinar:

1. **Uppeldisgreinar:** Barnasálfræði, almenn sálarfræði, uppeldisfræði, þ. á m. ung-barnameðferð, starfshætti á dagheimilum og leikskólum og fyrirkomulag þeirra. Sálar- og uppeldisfræði afbrigðilegra eða þroskaheftra barna.
2. **Félagsgreinar:** Almenn þjóðfélagsfræði, félagsmálalöggjöf, þ. á m. barnavernd og almannatryggingar.
3. **List- og verkgreinar:** Söngur, gítar- og flautuleikur, „rytmik“, myndið og myndmótun, „dramik“ (leiksköpun).
4. **Móðurmálsgreinar:** Íslenska, framsögn, íslenskar bókmenntir, barnabókmenntir.
5. **Aðrar greinar:** Líkams- og heilsufræði, áttthagafræði, náttúrufræði.

Þegar Fóstruskólinn tók til starfa, haustið 1946, voru aðeins 9 nemendur í skólanum. Fram til ársins 1962 voru að jafnaði 10 til 12 stúlkur í hverjum árgangi, en þá voru nemendur teknir í skólann annað hvert ár.

Árið 1962 var horfið að því ráði að veita nemendum inntöku ár hvert, enda þótt skólinn ætti við húsnæðisþrengsli og erfið kjör að búa. Var þá fyrirsjáanlegur mikill skortur á fóstrum, þar sem allmikil fjölgun á barnaheimilum var hafin í Reykjavík, auk þess sem barnaheimilum úti á landi fjölgaði. Jafnframt tók aðsókn að skólanum að aukast um þetta leyti, og hefur hún farið hraðvaxandi með ári hverju.

Alls hafa verið brautskráðar 278 fóstrur frá Fóstruskóla Sumargjafar. Vorið 1972 bætast væntanlega 35 fóstrur í hópinn, og er það stærsti árgangur, sem brautskráður hefur verið. Að þessu skólaári loknu mun þá skólinn alls hafa brautskráð 313 fóstrur.

Haustið 1971 voru alls 116 nemendur í skólanum: 35 í 2. bekk, 28 í 1. bekk, en 53 í undirbúningsdeild. Aldrei áður hafa svo margir nemendur verið teknir í skólann, að skipta þyrfti hópnum í tvær bekkjardeildir. Verður það væntanlega gert í framtíðinni, ef viðunandi húsnæði fæst og fjárhagsaðstæður leyfa. Umsækjendur um skólavist haustið 1971 voru 130, en eins og áður segir fengu 53 inngöngu í undirbúningsdeild, að fengnu fyrirheiti um aukið húsnæði haustið 1972, er þessir nemendur koma til bóklegs náms í 1. bekk.

Lengst af kom svipaður fjöldi nemenda frá Reykjavík og öðrum hlutum landsins. En seinni árin hefur nemendum utan af landi farið ört fjölgandi. T. d. eru aðeins 19 stúlkur frá Reykjavík í undirbúningsdeildinni í ár, en 34 utan af landi.

#### Vaxandi þörf á fóstrum og starfssvið fóstrumenntaðs fólks.

Í Reykjavík eru starfandi á vegum Barnavinafélagsins Sumargjafar 21 barnaheimili og 2 skóladagheimili. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að 2 ný barnaheimili til viðbótar — 1 leikskóli og 1 dagheimili — taki til starfa. Innan fárra ára munu mörg barnaheimili rísa af grunni á vegum Reykjavíkurborgar og annarra bæjarfélaga. Aldrei hefur áhugi á þessum stofnunum verið meiri eða almennari en nú allra síðustu árin og eru kröfur um fjölgun þeirra æ háværi. Hefur núverandi ríkisstjórn sýnt þessum kröfum þann áhuga að skipa nefnd til þess að kanna þörfina á barnaheimilum og gera tillögur um þátttöku ríkisins í rekstri og uppbyggingu þeirra. Þau barnaheimili, sem þegar eru starfrækt, skortir enn fóstrur, ekki sízt úti á landi. Auknar kröfur um lengdan opnunartíma á dagheimilum krefjast vaktaskipta, og það eitt stóreykur þörf fyrir fleiri fóstrur. Úti á landi eru a. m. k. 20 barnaheimili, þ. e. leikskólar og dagheimili, í 19 bæjarfélögum. Aðeins helmingur þessara stofnana hefur fóstrulærðar forstöðukonur, og aðeins örfáar þeirra hafa með sér fóstrur til starfa.

Starfssvið fóstura er ekki bundið við dagheimili og leikskóla, þótt hingað til hafi mest áherzla verið lögð á að mennta þær til starfa þar. Auk þess sem skortur er á fóstrum á umræddum stofnunum, má minna á, að mikil eftirspurn er eftir fóstrum á fjölda stofnana, þar sem börn á aldrinum 0—7 ára dveljast um lengri eða skemmri tíma, og er vaxandi þörf á þeim þar. Sem dæmi um slíkar stofnanir eru:

Forskólabekkir barnaskólanna. Bent skal á, að á Norðurlöndum öllum starfa fóstrur við þessa bekki.

Dagheimili fyrir vangefin börn.

Vistheimili fyrir vangefin börn.

Heyrnleysingjaskólinn.

Blindraskólinn.

Vistheimili eða upptökuheimili fyrir munaðarlaus eða vanrækt börn, t. d. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins og upptökuheimilið að Dalbraut.

Sérskólar, t. d. Höfðaskólinn, Jaðar, Hlaðgerðarkot.

Stofnanir fyrir fötluð og lömuð börn.

Sjúkrahús; almennar barnadeildir og geðdeildir fyrir börn.

Sumardvalarheimili fyrir borgarbörn.

Enn er eftirspurn eftir fóstrum bæði á skóladagheimilum og í heimavistum fyrir yngstu börn barnaskólanna og á leikvöllum í bæjum og þorpum. Í Svíþjóð og í Danmörku eru sérstakir skólar — Fritidspædagogsseminarium — sem mennta fólk til starfa á umræddum stofnunum, svo kallaða „fritidspædagoger“ eða tómstundakennara. Er þeim einnig ætlað að vinna á elliheimilum og er það nýmæli. Kæmi til greina að stofna slíka skóla hér á landi, en hugsanlegt er einnig að færa þessa menntun inn í Fóstruskólann sem valgrein, t. d. síðasta árið, þar sem grunnmenntun þessara tveggja skóla er mikið til hin sama. Í 2. gr. frumvarpsins er heimild til að fela Fóstruskólanum að annast þessa menntun.

Loks er brýn þörf á fósturum með framhaldsmenntun til kennslu og verknámsleiðbeininga við Fóstruskólann og sem eftirlitsmönnum eða uppeldisráðgjöfum (konsulent) fyrir barnaheimilin í landinu og við dagvistun á einkaheimilum.

Þegar á allt þetta er litið, er ljóst að efla þarf fósturmenntunina í landinu, treysta hana og koma henni á fastan grundvöll. S. l. haust var eins og áður greinir næstum tvöfölduð tala nemenda, sem teknir voru í skólann. Er útilokað að starfrækja og efla svo stóra og vaxandi stofnun, nema henni sé komið á traustan fjárhagslegan grundvöll og séð fyrir viðunandi húsnæði, tækjum öllum og útbúnaði, að ógleymdu nægu starfsliði.

Nefndin telur sér ekki fært að gera ákveðnar tölulegar áætlanir um þörf á fósturum á næstu árum, þar eð einhlítar áætlanir um fjölgun á barnaheimilum í landinu liggja ekki fyrir. Hitt er ljóst, að ógerningur er að fjölga barnaheimilum án þess að tryggja að sama skapi nægilega fjölgun sérmenntaðs starfsliðs. Ella verða þessi barnaheimili miður æskilegar gæzlustöðvar fyrir börn, en ekki uppeldisstofnanir. Þörfin á sérmenntuðum fósturum hlýtur að verða gífurleg í náinni framtíð, og þolir því efling og stækkun Fóstruskólans enga bið.

#### Fóstrumenntun erlendis.

Fóstrumenntun er mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum Evrópu og Ameríku. Í Svíþjóð voru fóstruskólar („Förskoleseminarium“) áður bæði reknir af bæjarfélögum og ýmsum félagasamtökum. En árið 1963 voru þeir allir gerðir að ríkisskólum og heyra nú undir menntamálaráðuneytið. Eru þeir nú 14 talsins.

Sænsku skólarnir eru 2ja ára skólar, og skiptist námið að jöfnu í bóklegt og verklegt nám. Lágmarksinntökuskilyrði eru, að nemandi hafi lokið grunnskólaprófi, sé fullra 19 ára og hafi unnið við gæzlu ungbarna tiltekinn tíma á einkaheimili eða vöggustofu, og unnið að gæzlu eldri barna á forskólaaldri á stofnunum undir handleiðslu fósturu eða sérmenntaðs fólks. Þess ber þó að geta, að krafizt er tiltekinna einkunna í ensku, teikningu og fönndri. Í reyndinni eru menntunarkröfurnar meiri en að ofan greinir, þar eð aðsókn að skólunum er mikil. Allstór hópur stúdenta er t. d. meðal nemenda.

Mikill áhugi er á því að lengja fósturunámið um 1 ár, en tillögur í þá átt hafa ekki náð fram að ganga enn þá.

Fóstruskólapróf veitir réttindi til að starfa á stofnunum fyrir forskólabörn (0—7 ára), þ. e. dagheimilum og leikskólum. Benda skal sérstaklega á, að í Svíþjóð eru 6 ára börn á leikskólum og dagheimilum, en ekki í barnaskólum eins og stefnt er að á Íslandi hin síðari ár. Stefna Svía í þessu máli er sú að gera forskólann fyrir aldurinn 5—7 ára að skylduskóla og ætlazt er til að fósturur, en ekki kennarar skyldunámsstigsins, starfi með þessum börnum. Þess má og geta, að í Svíþjóð hafa fósturur tekið upp starfsheitið „förskolelárare“ í staðinn fyrir hið gamla heiti „barnträdsgårdslárare“. Sama gera og Norðmenn.

Í Danmörku hafa fóstruskólar til skamms tíma verið 2ja ára einkaskólar. En með lögum frá 21. maí 1969 hefur fósturmenntunin verið lengd upp í 3 ár. Komu þau lög fyrst til framkvæmda 1. ágúst 1970. Eftir hinu nýja fyrirkomulagi hafa því engar fósturur verið brautskráðar enn þá. Fóstruskólarnir eru nú ríkisskólar og einkaskólar, sem njóta styrks frá ríkinu.

Inntökuskilyrði eru, að nemandi þarf að vera 18 ára að aldri, hafa unnið á viðurkenndum stofnunum fyrir börn eða unglunga undir 18 ára aldri í 4 mánuði, og hafa lokið burtfararprófi úr 9. eða 10. bekk. Undanfarin 10 ár eða svo hafa einstaka karlmenn gengið í fóstruskóla í Danmörku og munu nú u. þ. b. 10% af nemendum í fóstruskólunum vera karlmenn.

Fóstruskólar í Danmörku eru 20. Tekið er fram í lögum um fóstruskólana, að markmið þeirra sé að mennta uppalandur til starfa á leikskólum, dagheimilum og forskólabeckjum („börnehaveklasse“) barnaskólanna. Eingöngu fósturur vinna við forskóladeildirnar í Danmörku. „Börnehaveklasse“ eiga sér langa sögu í Dan-



mörku. Starfsemi þeirra var hafin í byrjun 20. aldarinnar, og hafa fóstrur starfað við þær stofnanir frá upphafi.

Í Finnlandi eru fóstruskólarnir 2ja ára skólar. Lágmarksinntökuskilyrði eru miðskólapróf, en í reyndinni eru langflestir nemendur stúdentar. Í sumum fóstruskólunum er undantekning, ef nemandi hefur ekki stúdentspróf. Fóstruskólarnir hafa til þessa flestir verið einkaskólar.

Á tímabilinu 1971—1973 eiga að starfa tilraunadeildir fyrir 6 ára börn við nokkra barnaskóla á ýmsum stöðum í Finnlandi. Hefur menntamálaráðuneytið skipað nefnd til þess að skipuleggja og fylgjast með þessum tilraunum, og gera síðan áætlanir um slíka forskólastarfsemi í framtíðinni.

Hingað til hafa 6 ára börn gengið í leikskóla og átt þar forgangsrétt umfram aðra aldursflokka.

Fóstruskólar í Noregi eru 2ja ára skólar. Þeir eru ýmist einkastofnanir eða reknir af bæjarfélögum, en hljóta ríkisstyrk nú orðið að  $\frac{2}{3}$  hlutum. Þeir eru 9 í landinu. Er ætlunin að gera þá að ríkisskólum á þessu ári, þ. e. 1972. Búið er og við, að þeir verði 3ja ára skólar í náninni framtíð.

Við nokkra kennaraskóla hafa nýlega verið stofnaðar sérstakar deildir, sem veita fósturmenntun með líku sniði og fóstruskólarnir. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg menntun, og 12 mánaða starf á dagvistunarstofnunum fyrir börn, „sérstofnunum“ eða á heimilum, þar sem lítil börn eru. S. l. 5 ár hefur nemendum með stúdentspróf farið ört fjölgandi, svo að nú eru langflestir nemendur með þá menntun.

Benda má á, að fóstrur hafa um nokkurra ára skeið verið aðilar að kennarasamtökunum í Noregi. Þær kenna við 6 ára deildir barnaskólanna eins og í Danmörku.

Í Belgíu, Hollandi og Sviss eru fóstruskólar óháðir kennaraskólunum eins og á Norðurlöndunum öllum.

Í Hollandi t. d. eru fóstruskólar og kennaraskólar 3 ára skólar. Undirbúningsmenntun er hin sama fyrir báða skólana og mun hún jafngilda miðskóla- eða gagnfræðamenntun hér á landi. Lágmarksaldur til inngöngu í fóstruskóla er 15—16 ára aldur. Framhaldsmenntun fósturu í eitt ár veitir réttindi til að verða forstöðukona. Fóstruskólar í Hollandi eru ekki ríkisskólar, en njóta flestir ríkisstyrks. Um 80% barna á aldrinum 4—6 ára eru í leikskólum. Skólaskylda hefst, er börnin eru 6½ árs.

Í Englandi hljóta „nursery teachers“ eða fóstrur menntun sína í almennum kennaraskólum. Fá þær sams konar menntun og almennir kennarar. Í sumum kennaraskólunum er þó sérhæfð námsskrá fyrir verðandi „infant and nursery teachers“ (en þeir hafa á hendi uppeldi og kennslu barna fram til 7 ára aldurs). Einstaka kennaraskólar eru þekktir fyrir að leggja sérstaka áherslu á fósturunám eða undirbúning fyrir „nursery and infant teachers“, en þeir, sem brautskrást þaðan, hafa þó um leið almenn kennararéttindi (t. d. Rachel McMillan College í London).

Í Skotlandi verða þeir kennarar, sem hafa hug á að starfa í leikskólum og yngstu deildum barnaskólanna (5—7 ára), að ljúka 1 árs viðbótarnámi eftir almennt kennarapróf og fá þá „The Infant and Nursery School Teachers External Certificate“.

Í Bandaríkjunum er fósturmenntun 4 ára háskólanám. Fyrstu 2 árin veita almenna menntun, en síðari 2 árin veita sérmenntun varðandi fósturstörf. Námi er lokið með B.A.-prófi.

#### Framhaldsmenntun fyrir fóstrur á Norðurlöndum.

„Árskursus“ við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn veitir fósturum 1 árs framhaldsmenntun. Framhaldsmenntun þessi er einkum ætluð forstöðukönnum og verðandi kennurum og verknámsleiðbeinendum við fóstruskólana. Til þess að komast í skólann þarf fóstura að hafa unnið a. m. k. í 3 ár á uppeldisstofnunum.

Við kennaraháskólana í Stokkhólmi, Gautaborg og Málmey geta fóstrur aflað sér viðbótarmenntunar í uppeldi afbrigðilegra eða þroskaheftra barna, eins og t. d. heyrnarkertra, blindra og vangefinna barna, fatlaðra, lamaðra og taugaveiklaðra, svo og meðferð barna á sjúkrahúsum. Tekur nám þetta frá 1—3 kennslumisseri eftir starfsgreinum. Við kennaraskólann í Stokkhólmi er einnig um framhaldsmenntun að ræða fyrir verknámsleiðbeinendur og kennara við fóstruskólana. Þarf fóstura að hafa unnið við fóstrustörf til að fá að taka þátt í námskeiðum þessum.

Í Osló geta fóstrur stundað framhaldsnám við „Statens Speciallærarskole“ varðandi uppeldi afbrigðilegra og þroskaheftra barna. Tekur það nám 1—2 ár.

#### Efni frumvarpsins og nýmæli, miðað við núverandi starfsemi Fóstruskóla Sumargjafar.

Um fóstrumenntun hér á landi hefur fram til þessa ekki verið sérstök laga-setning. Samning frv. þessa er að því leyti sérstætt verkefni, að hér er verið að móta frv. til laga um skóla, sem starfað hefur í 25 ár. Er þá eðlilegt að miða sem mest við þá miklu reynslu, sem fengizt hefur, og færa sér hana í nyt. Nefndarmenn voru á einu máli um, að skólinn ætti framvegis að starfa á svipuðum grundvelli og verið hefur, þótt skipulagsbreyting sé knýjandi og m. a. sé eðlilegt að móta að nýju inntökuskilyrði í skólann. Með frv. er einnig leitazt við að marka skólanum stöðu í fræðslukerfi þjóðarinnar, en í því efni skipta tengslin við Kennaraháskóla Íslands mestu máli. Er einsætt, að milli þessara tveggja skóla þarf að vera náíð samband, eins og ávallt hefur verið milli Fóstruskólans og Kennaraskólans. Er að þessu vikið í 6. gr. frv.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af innlendri skólalöggjöf, auk þess lögum um fóstrumenntun erlendis og nýjustu hugmyndum, sem uppi eru í því efni.

Svo sem greint var, byggist frv. á þeirri stefnu, að Fóstrunarskóli Íslands taki við störfum Fóstruskóla Sumargjafar og að hinn nýi skóli starfi með svipuðum hætti og hinn síðarnefndi skóli. Þó gætir ýmissa nýmæla í frv. um starfsemi hins nýja skóla, sem stofna skal til. Skal þessa nú getið og jafnframt gerðar fáeinar athugasemdir um efni frv. í heild sinni.

1. Frv. er á því reist, að Fóstruskólinn verði gerður ríkisskóli, sbr. 1. gr. Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur, sbr. 1. gr. 2. málsg. Þykir rétt að áréttta það með því að breyta nafninu úr Fóstruskóla í Fóstrunarskóla, sbr. að sínu leyti breytingar á nafni Hjúkrunarkvinnaskólans í Hjúkrunarskóla með lögum nr. 35/1962.

2. Starfssvið skólans er hægt að rýmka nokkuð frá því sem nú er, sbr. t. d. 2. gr. 2. málsg., sem heimilar að fela skólanum að mennta starfslíð fyrir skóladagheimili.

3. Tekið er sérstaklega fram í 5. gr., að skólinn skuli annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til. Skólinn hefur fengizt við þetta verkefni, en brýn nauðsyn er á að efla það til mikilla muna.

4. Ákvæðin í II. kafla frv. eru samin með hliðsjón af skólalöggjöfinni nýjustu. Eru þar fyrirmæli um skólanefnd, skólaráð og nemendaráð.

5. Í ákvæðunum í III. kafla frv. um inntökuskilyrði gætir nokkuð nýmæla frá því, sem tíðkazt hefur undanfarin ár um inntöku í skólann. Horfa þau til að auka kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda. Jafnframt eru þau þannig úr garði gerð, að þau eru ekki einskorðuð við tiltekna menntunargerð, heldur kemur ýmiss konar menntun til greina, sbr. 10. gr. frv.

6. Ákvæði IV. kafla frv. um nám, námstíma og námstilhögun eru í öllum meginatriðum staðfesting á þeirri tilhögun, sem nú gildir í skólanum og fengið hefur á sig núverandi sníð, miðað við margra ára reynslu. Ýmiss konar breytingar geta orðið á námsgreinum, og þykir því óráðlegt að telja upp námsgreinar með nákvæmum hætti í frv. Er eðlilegra að láta það ákvæði velta á reglugerðarákvæðum. Höfuð-námssviða er þó getið í 12. gr. frv. Ákvæði 14. gr. um æfinga- og tilraunastofnun er

nýmæli, sem er mjög mikilvægt fyrir framtíðarstarfsemi skólans, og vísast um það til athugasemda við þá grein.

7. Ákvæðin í V. kafla (um námsáfanga og próf), VI. kafla (um starfslið og starfskjör), VII. kafla (um húsrými og tæki), VIII. kafla (um heilsuvernd) og IX. kafla (ýmis ákvæði) eru í samræmi við hliðstæð ákvæði í skólalöggjöf síðustu ára hér á landi.

8. Í X. kafla eru ákvæði til bráðabirgða, sem tengja Fóstruskólann, eins og hann nú er, við hinn nýja skóla, sem frv. mælir fyrir um.

#### *Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.*

##### Um I. kafla.

Hér eru ákvæði um skipulag Fóstrunarskóla Íslands, hlutverk hans og starfs-hætti. Það skal áréttað, að þótt mælt sé fyrir um breytt skipulag skólans í 1. gr. þá er gert ráð fyrir, að starfsemi skólans verði í mörgum greinum með svipuðu sniði og verið hefur að undanfögnu.

##### Um 1. gr.

Svo sem rakið er í hinni almennu greinargerð, var Fóstruskólinn stofnaður 1946 af Barnavinafélaginu Sumargjöf, og hefur félagið starfrækt hann með styrk frá ríki og Reykjavíkurborg. Síndi félagið stórhug og framsýni og glöggan skilning á þörfum barnaheimila í landinu, er það beitti sér fyrir stofnun skólans.

Nefndin hefur virt fyrir sér tilhögun á fóstrunámi erlendis og þá kosti, sem fyrir hendi eru hér á landi um fyrirkomulag fóstrumenntunar. Er það samdóma álit nefndarinnar, að reynslan hafi leitt í ljós, að heppilegast sé, að sérstökum skóla sé falið að annast þessa menntun. Fóstruskólinn býr yfir mikilli starfsreynslu á þessu sviði, sem vafasamt er að nýtast mundi, ef menntun þessi væri lögð undir annan skóla, og kæmi þá einkum til Kennaraháskóli Íslands. Sérþörfum þessarar menntunar verður að teljast betur borgið í höndum sérstaks skóla enn um sinn, og inntökuskilyrði er unnt að laga eftir þörfum þessarar sérstæðu menntunar. Hefur þetta mál verið rætt sérstaklega við forráðamenn Kennaraháskóla Íslands. Samstarf þessara stofnana verður hins vegar að vera náð, og er sérstaklega minnt á það í 6. gr. frv.

Ljóst er, að Barnavinafélaginu Sumargjöf er ofviða að starfrækja skólann til frambúðar, enda hefur það óskað eftir því að verða undan því leyst. Til álita kom, að skólinn yrði rekinn með framlagi frá ríki og Reykjavíkurborg (og jafnvel öðrum sveitarfélögum). Slík skipan er þó allflókin og torveld í framkvæmd. Á Norðurlöndum eru fóstruskólar í seinni tíð yfirleitt ríkisskólar, þótt frávik séu frá þeirri meginreglu. Nemendur Fóstruskólans eru hvaðanæva að af landinu, og hin síðustu ár eru nemendur úr Reykjavík í minnihluta, svo sem áður er rakið. Þótt meirihluti brautskráðra fóstara starfi nú í Reykjavík og nágrenni, fer það mjög í vöxt, að barnaheimili og aðrar uppeldisstofnanir, þar sem þörf er á fóstrum, séu staðsett utan Reykjavíkursvæðisins. Benda þessi atriði til þess, að réttmætt sé að skólinn sé ríkisskóli, enda er skólinn samkv. hlutverki sínu og starfsháttum náskyldur Kennaraskóla Íslands (nú Kennaraháskóla Íslands), sem ávallt hefur verið ríkisskóli.

Nauðsynlegt er, að skólinn starfi í Reykjavík, ekki sízt vegna verklega námsins á barnaheimilum, en þorri þeirra er enn sem komið er í Reykjavík.

Í 2. málsg. er mælt fyrir um, að skólinn sé jafnt fyrir karla sem konur, en tekið skal fram, að forráðamenn Fóstruskólans hafa litið svo á, að aðgangur væri að skólanum fyrir bæði kynin, ef á það hefði reynt. Í þessu sambandi má minna á lög 35/1962 um Hjúkrunarskóla Íslands. Um breytingu á nafni skólans úr Fóstruskóla í Fóstrunarskóla er rætt í almennum athugasemdum hér að framan.

#### Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hlutverk Fóstrunarskóla Íslands. Er það í samræmi við núverandi hlutverk skólans, eins og það hefur smám saman mótazt, en þó er 2. málsg. nýmæli, miðað við það er tíðkamt hefur.

Aðalverkefni fóstruskóla á Norðurlöndum hefur verið að mennta starfslið til starfs á dagheimilum, leikskólum og forskólabekkjum fyrir börn á aldurs skeiði 2ja til 7 ára. Þetta hefur einnig verið verkefni Fóstruskólans, en auk þess hefur skólinn lagt áherzlu á ungbörn og starfshætti á vöggustofum. Hefur menntun fóstra hér á landi einnig tekið til þess að gera þær hæfar til starfa á þessum stofnunum. Á Norðurlöndum hefur þessu atriði verið nokkuð annan veg farið. Þar hefur tíðkamt, að á vöggustofum ynnu aðallega svonefndar „barnpleiersker“ („barnsköterskor“, ungbarnafóstrur). Hafa þær nokkurra mánaða og upp í eins árs nám að baki sér. Við stofnun Fóstruskólans þótti einsætt, að fóstrumenntunin gripi einnig yfir þetta verk svið. Var því verkefni skólans viðtækara að þessu leyti en sambærilegra skóla á Norðurlöndum. Þeirri stefnu vex nú mjög fylgi á Norðurlöndum, að nauðsynlegt sé að fá fóstrur til starfa á vöggustofum, og að störf fóstruskóla nái þá einnig til menntunar starfsliðs á þessum stofnunum. Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að rétt hafi verið stefnt hjá forráðamönnum Fóstruskólans í upphafi um þetta atriði, og er 2. gr. frv. miðuð við það stefnumark. Er mönnum í seinni tíð æ ljósara, að staðgóða sérmenntun þarf til þess að annast ungbörn eigi síður en þau sem eldri eru, á hvaða skólastigi sem er.

Í 2. gr. kemur fram, að það sé hlutverk Fóstrunarskóla Íslands að mennta fólk til starfa í forskólabekkjum (með forskólabekk er átt við deildir fyrir 6 ára börn, sem reknar eru á vegum barnskólanna). Er það í samræmi við hlutverk fóstruskóla á Norðurlöndum, þar sem fóstrur starfa með 6 ára börnum. Verður sérstakt mið tekið af þessari menntun í skólanum, en fyllsta samvinna höfð við Kennaraháskóla Íslands um menntunarkröfur og tilhögun þessa hluta námsins. Hefur þetta mál verið rætt sérstaklega við forráðamenn Kennaraháskóla Íslands.

Í 2. málsg. 2. gr. er heimilað að fela skólanum að mennta starfslið fyrir skóladagheimili og leikvelli. Á Norðurlöndum og raunar einnig hér á landi hefur verið sótt eftir fóstrum til starfa á heimilum þessum. Í Danmörku og Svíþjóð eru sérstakir skólar fyrir þetta starfsfólk (tómstundakennara), og leysir fólk með menntun frá slíkum skóla smám saman fóstrur af hólm. Menntun tómstundakennara er í meginráttum mjög svipuð fóstrumenntun, þótt þar sé að vísu meir fjallað um börn á skólaaldri og verklega námið fari aðallega fram á skóladagheimilum. Vafalaust er, að í náinni framtíð vex þörf á starfsliði á skóladagheimilum hér á landi. Hitt orkar tvímælis, hvort unnt verði á næstunni að stofna til sérskóla til að mennta þetta starfslið. Vegna þess hve nán tengsl eru milli menntunar þess starfsliðs, sem hér hefur verið rætt um, og menntunar fóstra, þykir eðlilegt að hafa ákvæði í 2. gr. 2. málsg. þess efnis, að heimilt sé að fela Fóstrunarskólanum að annast menntun þessa starfsliðs.

Samkv. 2. gr. verður það yfirleitt verkefni Fóstrunarskólans að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn á aldurs skeiði frá fæðingu til 7 ára aldurs.

Í þessu frv. eru ekki ákvæði um starfsréttindi brautskráðra nemenda frá Fóstrunarskólanum. Í 37. gr. laga 53/1966 um vernd barna og ungmenna eru þau ákvæði, að ekki megi fela öðrum forstöðu barnaheimilis eða slíkrar uppeldisstofnunar en þeim, sem barnaverndarnefnd, sem í hlut á, eða barnaverndarráð telji þar til hæfa. Hefur ávallt verið litið svo á, að nemendur brautskráðir frá Fóstruskólanum séu hæfir til þessara starfa, og í reyndinni hafa brautskráðir nemendur notið starfsréttinda og viðurkenningar á þeim af hálfu opinberra aðilja, þótt ekki væru þau réttindi lögvarin. Í 2. gr. felst, að nemendur frá skólanum njóti starfsréttinda á þeim stofnunum, sem að er vikið í greininni. Nánari ákvæði í lögum um

starfsréttindi fóstora þykja eiga heima í frv. til laga um barnaheimili, sem nú er verið að vinna að, og í frv. um grunnskóla.

#### Um 3. gr.

Hér eru nánari ákvæði um stefnumörk í starfsemi Fóstrunarskólans. Þau ákvæði tengjast 2. gr. og að sínu leyti 12. gr., þar sem rætt er um námssvið. Megináherzla verður hér eftir sem hingað til lögð á að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólانum er ætlað að fást við. Skipa uppeldis- og sálarfræði öndvegi í námsgreinum, og er þar lögð sérstök áherzla á að veita nemendum innsýn í þróunarsálarfræði barna. Skólanum er sett það stefnumið í greininni að stuðla að alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun þeirra og temja nemendum sjálfstæð vinnubrögð, en áherzla skal jafnframt lögð á samvinnu nemenda í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

#### Um 4. gr.

Í þessu ákvæði segir, að skólinn skuli fylgjast sem gerst með í nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem hér um ræðir. Til þess að rækja þetta hlutverk þarf að búa vel að skólanum með bókakost, og er það áréttað í 21. gr. frv., og svo að veita starfsmönnum skólans kost á námsferðum til annarra landa, sbr. 19. gr. Ef svo er búið að skólanum, má vænta frá honum frjórri hugmynda um uppeldisstofnanir þær, sem starfsemi hans tekur til, en á því sviði eru örar breytingar og mikil þróun. Skiptir miklu fyrir starfsemi og árangur uppeldisstofnana þessara, að rækilega sé fylgt með þeirri þróun allri, og er eðlilegast að ætla skólanum forystuhlutverk á þessu sviði. Jafnframt er eðlilegt að líta svo á, að skólinn verði, undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, í fyrirsvari gagnvart erlendum stofnunum á þessu sviði.

#### Um 5. gr.

Endurmenntun og viðbótarmenntun fóstora er mikilvægt mál. Hér er um starfs svið að ræða, þar sem breytingar eru örar og miklu skiptir að færa sér í nyt nýjungar, innlendar sem erlendar. Á það jafnt við um fræðileg viðhorf sem ýmiss konar nýmæli í starfsháttum. Fóstruskólinn hefur reynt að rækja þetta verkefni í náinni samvinnu við Fóstrufélagið, sem er virkt og áhugasamt félag, svo og með góðum atbeina Barnavinafélagsins Sumargjafar, fræðslustjóra Reykjavíkurborgar og fræðslumálaskrifstofu. Hér þarf þó að gera miklu meira. Er þess að vænta, að skólanum verði gert fjárhagslega kleift að efla þessa starfsemi til mikilla muna. Að einu atriði er rétt að víkja sérstaklega. Fóstrur eru oft með svipuðum hætti og hjúkrunarkonur frá störfum um hrið, m. a. meðan þær koma upp börnum sínum. Mikilvægt er, að þær geti aftur komið til starfa, en forsenda þess er oftast sú, að þeim veitist kostur á endurmenntun og endurhæfingu. Sá hópur er einnig hafður í huga við þá starfsemi, sem 5. gr. fjallar um.

#### Um 6. gr.

Tengslin milli Fóstruskólans og Kennaraháskólans hafa ávallt verið nán. Hafa skólarnir m. a. skipzt á kennurum. Sjálfsgagt er að treysta þessi tengsl og kanna náið, hvort unnt sé að koma við sameiginlegri kennslu um tiltekin efni, svo og námskeiðum bæði fyrir kennara og fóstrur, svo sem stundum hefur verið gert að undanfögnu. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að ákvæði verði í reglugerð um tengsl skólanna, þ. á m. væri rétt að setja ákvæði um aðgang þeirra, sem lokið hafa fóstrunarnámi, að kennaramenntun og gagnkvæmt.

#### Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórn skólans og hlutdeild nemenda í skólastjórn.

#### Um 7. og 8. gr.

Samkv. 7. gr. fer menntamálaráðuneyti með yfirstjórn skólans. Að öðru leyti dreifist stjórn skólans á þessa aðilja: 1) skólastjóra, 2) skólanefnd, 3) skólaráð og 4) nemendaráð, sbr. 8. gr. Skal getið stuttlega um hvern þennan aðilja um sig.

1. Skólastjóri stýrir skólanum og tekur ákvarðanir um málefni hans annað hvort einn eða með atbeina þeirra aðilja, sem nefndir eru að framan, eftir því sem lög segja til um eða nánar verður ákveðið í reglugerð. Skólastjóri er formaður skólaráðs og situr fundi skólanefndar með málfrelsi og atkvæðisrétti.

2. Að undanfögnu hefur starfað þriggja manna skólanefnd við skólann, skipuð af Barnavinafélaginu Sumargjöf. Er reynsla af þeirri tilhögun mjög góð, og þykir eðlilegt að halda henni. Skólanefnd á að vera skólastjóra til ráðuneytis um málefni skólans, þ. á m. um stefnumótun ýmiss konar. Inntaka nemenda er í hennar höndum, sbr. 9. gr., og við undirbúning reglugerðar á að leita afstöðu hennar, sbr. 23. gr. Nánari reglur um verksvið hennar verða settar í reglugerð og erindisbréfi. Lagt er til, að í skólanefnd eigi sæti þrír menn, er menntamálaráðherra skipar til 3 ára í sein. Formaður er skipaður án tilnefningar, en hinir tveir samkv. tilnefningu Fósturfélags Íslands, sem er félag fósturstéttarinnar, og Barnavinafélagsins Sumargjafar, sem hingað til hefur starfrækt skólann. Er mikilvægt, að náíð samstarf sé við þessa aðilja alla, og því heppilegt, að þeir nefni menn í nefndina. Á það skal sérstaklega bent, að verklegt nám nemenda fer að langmestu leyti fram á barnaheimilum Sumargjafar.

Með því að sú skipulagsbreyting er hugsanleg í framtíðinni, að rekstur barnaheimila verði falinn borgarstofnun, þykir rétt að kveða svo á, að einn skólanefndarmaður verði tilnefndur af borgarráði Reykjavíkur í stað þess nefndarmanns, sem Barnavinafélagið Sumargjöf tilnefnir, ef af breytingunni verður.

3. Skólaráð er skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Er skólastjóri formaður þess, en auk þess eiga þar sæti tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn. Er veigamikið að hafa slíkt ráð í skólanum og skapa með því vettvang til umræðna um ýmis málefni varðandi starfsemi skólans og starfshætti. Verkefni skólaráðs verður nánar afmarkað í reglugerð og þ. á m. tengsl þess við skólanefnd. Um skólaráð má m. a. vísa til laga 12/1970, 22. gr., um menntaskóla og 12. gr. laga 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands.

4. Nemendaráð er samkv. 8. gr. skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda, og það kys fulltrúa í skólaráð, sbr. 7. gr. Ákvæði þetta er samið að fyrirmynd 23. gr. laga 12/1970 um menntaskóla og 3. gr. laga 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands. Gert er ráð fyrir, að nemendur setji reglur um skipun nemendaráðs, starfssvið og starfshætti, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og menntamálaráðuneytis.

#### Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um inntöku nemenda og inntökuskilyrði.

#### Um 9. gr.

Eðlilegt þykir, að skólanefnd taki fullnaðarákvarðanir um inntöku nemenda í skólann, en skólastjóri gerir tillögur um það til skólanefndar.

#### Um 10. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um inntökuskilyrði í Fóstrunarskólann. Að undanfögnu hefur verið áskilið, að umsækjendur hafi lokið landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi og þá að jafnaði með nokkrum viðbótum. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af starfsreynslu og námskeiðum, sem umsækjendur kunna að hafa lokið. Nokkrir stúdentar hafa stundað nám í skólanum svo og kennarar með prófi frá Kennaraháskóla Íslands.

Óhjákvæmilegt þykir að auka kröfur um undirbúningsmenntun til inngöngu í Fóstrunarskólann til þess að nemendur geti notið þeirrar menntunar, sem skólinn

veitir, og rækt störf sín síðar með sem fyllstum árangri. Fóstrustarfið er ábyrgðarmikið uppeldisstarf, sem unnið er með börnum á orlagaríku mótunarskeiði ævi þeirra. Til þess að rækja það sem best þarf staðgóða þekkingu og fjölpætta og góða undirstöðumenntun. Reynslan sýnir, að nemendur í skólanum þurfa að lesa mikinn hluta bóka, sérstaklega í uppeldisgreinum, á erlendum málum, og verður að horfast í augu við, að skortur verði á fræðiritum á íslenzku í þessum greinum enn um sinn. Nemendur þurfa einnig að geta fært sér í nyt ýmsar erlendar bækur og rit, sem ekki eru beinlínis námsbækur, og enn fremur að fylgjast með eftir að skólavist lýkur í ýmsu því, er erlendis er ritað. Hér kemur það einnig til, að menntunarkröfur með þjóðinni aukast sífellt, og fjöldi þeirra, sem stúdentsprófi lýkur, vex hröðum skrefum. Miðað við þessi breyttu viðhorf má segja, að ekki sé óeðlilegra að miða inntökuskilyrði nú við stúdentspróf heldur en var við upphaf skólans að áskilja gagnfræðapróf eða landspróf. Meðal uppeldisfræðinga og skólamanna í Evrópu og Bandaríkjunum er sú stefna ríkjandi, að ekki eigi að gera mismunandi kröfur um undirbúningsmenntun og starfsmenntun kennara eftir skólastigum eða aldri barna, sem þeir eiga að starfa með. Öll þessi uppeldisstörf eru samkvæmt þessum viðhorfum jafnmikilvæg og þurfi síður en svo minni þekkingu og færni til að fjalla um uppeldi yngstu barnanna en þeirra sem eldri eru — enda sýna rannsóknir æ ljósar, hversu gagnger áhrif uppeldi á fyrstu árum barna hefur á framtíðarþroska þeirra, menntunarkosti og stöðu í þjóðfélaginu. Markmiðið á því að vera að sömu kröfur séu gerðar til undirbúningsmenntunar þeirra, sem setjast í Fóstrunarskóla, og hinna, sem leita eftir almennu kennaranámi.

Viðhorf þau, sem nú hafa verið rakin, svo og tillit til inngönguskilyrða við norænu fóstruskólana og hugmyndir, sem nú eru uppi í því efni, liggja til grundvallar 10. gr., 1.—3. tölulið, þar sem greind eru inngönguskilyrði að því er tekur til undirbúningsmenntunar. Í 1. tölulið er inngönguskilyrði að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi eða kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands. Umsækjendur með slíkri menntun hafa forgangsrétt til inngöngu. Ekki þykir þó rétt að svo stöddu að loka þessari menntunarleið fyrir öðrum. Er í 2. tl. heimiluð inntaka þeirra, sem lokið hafa gagnfræðaprófi að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum. Til viðbótar þessu er svo samkv. 3. tl. heimilað að veita öðrum inntöku eftir atvikum með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækilegum matsaðferðum, svo og öðrum þræði með tilliti til starfsreynslu á viðurkenndum stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til. Eftir að tekið var að starfrækja undirbúningsdeild í Fóstruskólanum, var krafan um starfsreynslu umsækjanda felld niður. Undirbúningsstarfið er nú á vegum skólans og undir eftirliti hans. Með þessu er nemandi tryggð betri og eðlilegri starfsreynsla og öruggara mat á starfshæfni hans, þar sem nemandi vinnur undir handleiðslu fóstru á uppeldisstofnun, sem skólinn viðurkennir. Hefur þetta fyrirkomulag gefið mjög góða raun. Má einnig benda á, að þessi tilhögun í Fóstruskóla Sumargjafar hefur vakið mikla athygli meðal forráðamanna fóstruskólanna á Norðurlöndum og þótt til eftirbreytni. Samkv. 4. tl. á nemandi að vera 18 ára hið yngsta og samkv. 5. tl. má hann ekki vera haldinn andlegum né líkamlegum kvilla né annmarka, er hamli honum í starfi eða námi að dómi skólanefndar. Er þetta í samræmi við inntökuskilyrði skólans að undanfögnu. Tekið skal fram, að horfið var frá því að tilgreina hámarksaldur í sambandi við inntöku í skólann.

Í 2. og 3. málsg. eru ákvæði, sem heimila að áskilja lágmarkseinkunn í tilteknum greinum í sambandi við inngöngu í skólann, svo og um hæfnipróf og persónuleikapróf.

#### Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um nám, námstíma og námstilhögun, svo og um æfinga- og tilraunastofnun. Svo sem fyrr greinir, er frv. miðað við, að um námstíma, námsgreinaval og námstilhögun fari með svipuðum hætti og nú er, enda stendur skólinn á gömlum merg.

#### Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um, að námstími í skólanum sé þrjú ár, svo sem nú er í reyndinni, svo og um skiptingu náms í verklegt nám og bóklegt, og er það í samræmi við stefnumið þau, sem skólanum eru sett í 3. gr. frv.

#### Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þau námssvið, sem fengizt er við í skólanum. Reynslan í skólalöggjöf hefur leitt í ljós, að óhyggilegt er að binda námsgreinar náíð með lagaákvæðum, og er aðgengilegra að ákvarða þær greinar í einstökum atriðum með reglugerðarákvæðum.

Samkv. greininni skiptist grunnmenntunin, sem skólinn veitir, í ýmsar uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálgreinar og heilsufræðigreinar. Vísast um þetta til reifunar um núverandi starfsemi Fóstruskólans í hinni almennu greinargerð hér að framan, svo og til 3. gr. frv. Það skal áréttað, að uppeldisgreinarnar sitja í fyrirrúmi í námsskrá skólans. Í reglugerð verða sett nánari ákvæði um námstilhögun, sbr. 2. málgr.

Tekið er fram í 1. málgr., að verklegt nám fari fram á stofnunum, sem skólafélag Fóstrunarskólans viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir, og er eðlilegt að skólinn hafi slíkt ákvæði að bakhjarli til þess að taka af tvímæli.

#### Um 13. gr.

Við getur borið, að nemendur skólans hafi aflað sér sérstakrar þekkingar á einstökum námsgreinum skólans í öðrum skólum, og hefur þá undanfarin ár verið veitt undanþága um þátttöku í námi, að því er slíka grein varðar. Þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði um þetta í frv. Greiðir það fyrir tengslum milli einstakra skóla, t. d. Kennaraháskóla Íslands, sbr. og sérstaklega 6. gr. frv. og athugasemdir við hana.

#### Um 14. gr.

Hér er heimildarákvæði um starfrækslu æfinga- og tilraunastofnunar, sem tengja á Fóstruskólanum og vera undir hans yfirstjórn. Á að búa nemendum aðstöðu til athugana á atferli og leikjum barna og á uppeldislegum starfsháttum. Gert er ráð fyrir, að leitað verði samninga við Reykjavíkurborg um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við tilraunastofnun þessa.

Fóstruskólum er mikil þörf — og jafnvel kennslufarsleg nauðsyn — á að hafa tilrauna- og æfingaleiksskóla á sínum vegum, og er víða erlendis lögð á þetta mikil áherzla. Tekið skal fram, að ekki er gerlegt að tengja saman æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans, sbr. 16. gr. laga 38/1971, og þá æfinga- og tilraunastofnun, sem 14. gr. fjallar um, enda er hér um annað aldursstig barna að ræða.

Mál það, sem 14. gr. varðar, þarfnast mikils undirbúnings og er ákvæðið orðað með hliðsjón af því. Væri hins vegar æskilegt að fara að undirbúa mál þetta hið fyrsta.

#### Um V. kafla.

Í höfum er aðeins ein grein, 15. gr., er kveður á um námsáfangi og próf. Er hún orðuð með sambærilegum hætti og títt er í skólalöggjöf, sbr. einkum 10. og 12. gr. laga 12/1970, um menntaskóla.

#### Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um starfslið Fóstrunarskólans og orlof þess og starfskjör.

#### Um 16. gr.

Þar er höfuðákvæðið um starfslið skólans. Er þar tekið fram, að skólinn skuli vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, sem lög ætla honum, og er sérstaklega minnt auk kennslustarfa á umsjónar- og ráðgjafarstörf, störf á skrifstofu og við ýmis slík verkefni. Ákvæði þetta er í samræmi við 13. gr. laga



12/1970, en ekki þykir ástæða til að hafa ákvæði um sérhæft starfslið umfram það, sem segir í þessari grein.

Í 2. málsgr. er ákvæði um fjárveitingatillögur, sbr. og 21. gr. 4. málsgr.

#### Um 17. gr.

Hér segir um réttarstöðu fastra starfsmanna skólans og hvernig skólastjóri og kennarar séu skipaðir, sbr. t. d. 14. gr. laga nr. 12/1970.

#### Um 18. gr.

Í þessari grein segir, að skólastjóri Fóstrunarskólans skuli hafa lokið háskóla-prófi í uppeldis- og sálarfræði, en um menntunarkröfur annarra kennara skuli kveðið á um í reglugerð. Skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar hefur verið frá upphafi frú Valborg Sigurðardóttir, uppeldisfræðingur. Er vafalaust, að krefjast beri þess, að skólastjóri sé uppeldis- eða sálarfræðingur, enda eru uppeldisgreinar höfuð-námssvið skólans. Erfitt er að binda það í lögum, hverjar menntunarkröfur verði gerðar til annarra kennara, og þykir ráðlegt, að því máli verði skipað með reglugerð.

#### Um 19. gr.

Ákvæði þetta fjallar um orlof kennara við Fóstrunarskólann. Er það í samræmi við ákvæði laga nr. 38/1971, 23. gr., um orlof kennara við Kennaraháskóla Íslands.

#### Um 20. gr.

Ákvæðið fjallar um laun og vinnutíma kennara skólans og vinnuskyldu skólastjóra. Vísa má til 11. gr. laga 12/1970 til samanburðar. Greinin gefur að öðru leyti ekki tilefni til athugasemda.

#### Um VII. kafla.

Í þessum kafla er ein grein, 21. gr., og fjallar hún um húsrými, bókasafn og lesstofur, félagsherbergi, skrifstofu og húsnæði fyrir kennara. Er þessi grein samin með hliðsjón af 20. og 21. gr. laga 12/1970, um menntaskóla. Fóstruskólinn hefur lengi verið á hrakhólum með húsnæði, og hefur margsinnis á ferli sínum þurft að skipta um húsnæði. Hefur það háð skólanum á margvíslegan hátt. Skólinn er nú til húsa í Búnaðarfélagshúsinu við Tjörnina, og hefur Reykjavíkurborg látið í té það húsnæði. Er það þó engan veginn til frambúðar, og þarf þegar í stað að sjá skólanum fyrir auknu húsnæði.

Í sambandi við 21. gr. skal lögð áhersla á, að skólanum er rík þörf á auknum bókakosti, bæði fyrir kennara og nemendur og vegna rannsóknarstarfa, sem æskilegt væri að komið yrði við. Þá er mikill skortur á lesstofum, sem nauðsynlega þarf að bæta úr, og enn fremur á annarri aðstöðu fyrir nemendur og kennara.

#### Um VIII. kafla.

Hér er mælt fyrir um heilsuvernd, sbr. 22. gr. Í skóla sem þessum, er menntar starfslið á uppeldisstofnanir, er nauðsynlegt að ganga ríkt eftir eftirliti með heilbrigði nemenda, og eftirlit með hollustuháttum í skólanum er að sjálfsögðu jafnbrynt í þessum skóla sem öðrum. Gert er ráð fyrir, að ákvæði séu sett um þessi efni í reglugerð, svo sem um skólalækni, skólahjúkrunarkonu o. fl.

#### Um IX. kafla.

Hér er, í 23. gr., almennt ákvæði um reglugerðir samkv. lögnum, bæði um það, að þær skuli settar af menntamálaráðuneyti, að höfðu samráði við skólastjóra og skólanefnd, og svo um nokkur efnisatriði í reglugerð, svo sem um skólatíma, leyfi, reglu og aga, vinnudag nemenda og kennara í skólanum og um framkvæmd laganna að öðru leyti. Minnt skal á, að í einstökum ákvæðum frv. er enn fremur gert ráð fyrir að nánar tilteknum atriðum skuli skipað með reglugerð, sbr. 6. gr. um tengsl Fóstrunarskólans við Kennaraháskóla Íslands, 7. gr. um starfssvið skólanefndar og

skólaráðs, 8. gr. um nemendaráð, 10. gr. um lágmarkseinkunnir í námsgreinum og hæfni- og persónuleikapróf í sambandi við inntöku í skólann, 11. gr. um náms- tilhögun, 12. gr. um námsgreinar, 15. gr. um námsmat og prófdómendur, 18. gr. um menntunarkröfur kennara annarra en skólastjóra, 19. gr. um orlof, 21. gr. um húsrými o. fl. og 22. gr. um heilsuvernd.

Um X. kafla.

Hér eru ákvæði til bráðabirgða og gildistökuákvæði.

Um 24. gr.

Í 1. málsg. eru ákvæði um, að nemendur Fóstruskóla Sumargjafar, sem stunda nám við gildistöku laganna í skólanum, eigi rétt á að halda áfram námi sínu við Fóstrunarskóla Íslands eftir að hann er stofnaður í samræmi við þá námstilhögun, er gildi í skólanum, er þeir hófu nám. Er það í samræmi við venjur í slíkum tilvikum um nám í skólum, sbr. t. d. 27. gr. laga 12/1970 og 24. gr. laga 38/1971, og að öðru leyti sjálfsgt ákvæði. Þetta ákvæði á m. a. einnig við um nemendur í undirbúningsdeild eða forskóla.

Í 2. málsg. er það ákvæði, að skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar eigi forgangs- rétt á starfi skólastjóra við Fóstrunarskóla Íslands, þegar hann verður stofnaður.

Um 25. gr.

Samningar hljóta að fara fram milli menntamálaráðuneytis og Barnavinafélagsins Sumargjafar út af málefnum skólans, eignum og skuldbindingum. Að þeim loknum tekur skólinn til starfa samkv. ákvæðum frv., ef að lögum verður.“